



Greinargerð starfshóps um skilavegi.
Yfirfærsla veghalds skilavega frá Vegagerðinni til sveitarfélaga.
Vegagerðin og Samband íslenskra sveitarfélaga. Júlí 2021.



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1 Samantekt á niðurstöðum.	4
1.1 Inngangur.....	4
1.2 Yfirfærsla skilavega frá Vegagerðinni til sveitarfélaganna.....	4
1.3 Ástandsmat skilavega.....	4
1.4 Tilhögun á skilum.....	5
2 Forsaga og aðdragandi.	6
2.1 Skipan starfshóps í kjölfar setningar laga nr. 146/2019.....	6
2.2 Vinna starfshóps og niðurstöður.....	6
3 Álitæfni tengd skilavegum við túlkun 8. gr. vegalaga nr. 80/2007	8
3.1 Almenn.....	8
3.2 Fyrsta þvergata í þéttbýli.....	8
3.3 Höfn eða flugvöllur í grunnneti.....	8
3.4 Stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu.....	8
4 Skýrsla vinnuhóps um viðhaldsástand vega.	10
4.1 Skipan vinnuhóps og verkefni.....	10
4.2 Viðmiðanir við mat á viðunandi ástandi.....	11
4.3 Mat á viðhaldsástandi.....	11
4.4 Kostnaður og fjárveitingar.....	11
5 Vegir sem færast í veghald sveitarfélaganna frá 1. janúar 2022	12
5.1 Vegir sem færast frá Vegagerðinni til sveitarfélaga.....	12
5.2 Höfuðborgarsvæðið.....	12
5.3 Vesturland.....	12
5.4 Norðurland.....	12
5.5 Austurland.....	12
5.6 Suðurland.....	13
6 Fylgiskjöl	15
6.1 Erindisbréf starfshóps.....	15
6.2 Bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.....	15
6.3 Skilgreining á skilavegum.....	15
6.4 Skýrsla: Skilavegir - Ástandsmat.....	15
6.5 Seyðisfjörður – hafnir í grunnneti.....	15
6.6 Staða Elliðavatnsvegur.....	15
6.7 Sjónarmið sveitarfélaga og afstaða Vegagerðarinnar.....	15

1 Samantekt á niðurstöðum.

1.1 Inngangur.

Starfshópur um skilavegi skipaður fulltrúum Vegagerðarinnar og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lokið störfum og er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum vinnu starfshópsins í greinargerð þessari. Starfshópnum var falið það verkefni að ræða álitæfni varðandi túlkun 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 hvað varðar skilavegi (þ.e. vegir og tilheyrandi mannvirki), útbúa sameiginlegan lista yfir skilavegi sundurliðað á sveitarfélög, skilgreina hvað telst viðunandi ástand og meta kostnað við að uppfylla viðhaldsþörf og leggja til aðferðafræði við skil frá Vegagerðinni til sveitarfélags.

1.2 Yfirfærsla skilavega frá Vegagerðinni til sveitarfélaganna.

Starfshópurinn hefur yfirfarið lista yfir skilavegi og rætt álitæfni tengd túlkun 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 um stofnvegi í þéttbýli. Skiptar skoðanir komu fram hvað varðar skilavegi á höfuðborgarsvæðinu. Starfshópurinn hefur komist að sameiginlegri niðurstöðu um hvaða vegir á höfuðborgarsvæðinu skuli teljast stofnvegir, þ.e. umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Það er niðurstaða starfshópsins að þeir vegir sem nánar eru skilgreindir í fylgiskjali 6.2 teljist skilavegir og skuli færast í veghald viðkomandi sveitarfélaga eigi síðar en 1. janúar 2022 að uppfylltum nánari skilyrðum hvað snertir viðhaldsástand.

1.3 Ástandsmat skilavega.

Fyrirliggjandi er greinargerð um ástandsmat skilavega unnin af vinnuhópi í umboði starfshópsins, fylgiskjal 6.3. Í greinargerðinni eru skilgreindar forsendur sem leggja beri til grundvallar við mat á því hvað telst viðunandi ástand skilavegar. Lagt er ítarlegt mat á ástand viðkomandi mannvirkja og kostnað við þær aðgerðir sem ráðast þarf í til að koma vegunum í viðhalds ástand miðað við tilgreindar forsendur.

Það er niðurstaða vinnuhóps um skilavegi að heildarkostnaður við að koma skilavegum í viðunandi ástand samkvæmt þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar nemi tæpum 2,4 milljörðum króna, sbr. tafla 1 í skýrslu vinnuhópsins á bls. 6. Þar af nemur kostnaður við Nýbýlaveg, Hallsveg og hluta Sæbrautar tæpum 400 milljónum króna sem dragast frá þar sem fallið er frá því að telja þá vegi til skilavega.

Það er því mat vinnuhópsins að heildarkostnaður við að koma skilavegum í viðunandi ástand samkvæmt þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar nemi um 2 milljörðum kr. þegar frá hefur verið dreginn kostnaður vegna vega sem felldir voru af lista yfir skilavegi. Stærstur hluti þess kostnaðar tengist uppsafnaðri viðhaldsþörf slitlaga. Auk þess er lagt mat á kostnað við uppsafnað viðhald mannvirkja að öðru leyti, endurnýjun lýsingar og umferðarljósa.

Ljóst er að niðurstöður vinnuhópsins fela í sér mun meiri kostnað við endurbætur á skilavegum en ráð var fyrir gert í kostnaðarmati í aðdraganda setningar laga nr.

14/2015 um breyting á vegalögum nr. 80/2007. Óhjákvæmilegir fyrirvarar þar að lútandi eru því settir fram í niðurstöðum starfshópsins hvað snertir fjármögnun aðgerða í tengslum við skil einstakra vega og á hvaða forsendum afhending skilavega fari fram. Einnig koma fram fyrirvarar af hálfu fulltrúa sveitarfélaganna varðandi framtíðarrekstrarkostnað skilavega eins og nánar greinir.

1.4 Tilhögun á skilum.

Gert er ráð fyrir þeirri aðferðafræði við skil vega að Vegagerðin og viðkomandi sveitarfélög semji um yfirfærslu veghalds skilavega þar sem nánar verður greint til hvaða aðgerða þarf að ráðast á einstaka vegum til að koma þeim í skilgreint ástand. Í slíkum samningum verði gert ráð fyrir því að veghald viðkomandi vega og þar með öll ábyrgð á umsjá þeirra færist yfir til viðkomandi sveitarfélaga eigi síðar en 1. janúar 2022 þegar heimild Vegagerðarinnar til að annast veghaldið fellur niður.

Lagt er til að starfshópurinn kynni niðurstöður sínar fyrir fulltrúum sveitarfélaga sem í hlut eiga. Vegagerðin undirbúi í kjölfarið og hefji samningaviðræður við einstök sveitarfélög.

Fulltrúar sambandsins áréttu að þær niðurstöður starfshópsins sem nú liggja fyrir byggja á því að sveitarfélögum beri ekki að taka við skilavegum nema tryggt sé að vegi verði komið í viðunandi ástand í samræmi við niðurstöður vinnuhóps sbr. kafla 1.3 áður en honum er skilað eða fyrir liggi samkomulag um að sveitarfélag annist að koma vegi í slíkt ástand, enda komi til fjárframlag frá Vegagerðinni til að standa straum af kostnaði við verkið.

Þar sem skammur tími er til stefnu og afla þarf fjárheimilda til að efna skuldbindingar kann að vera nauðsynlegt að leita viðeigandi lagaheimilda til að tillögur starfshópsins geti náð fram að ganga.

2 Forsaga og aðdragandi.

2.1 Skipan starfshóps í kjölfar setningar laga nr. 146/2019.

Meginforsenda þess að heimild Vegagerðarinnar til að annast veghald skilavega var framlengd var að svigrúm þurfti til þess að vinna að útfærslu á því hvernig skilum vega frá Vegagerðinni til sveitarfélaganna skyldi háttað.

Með bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 30. desember 2019 var Vegagerðinni falin umsjón og skipun starfshóps um hvernig standa eigi að yfirfærslu skilavega í samræmi við ákvæði vegalaga nr. 80/2007, sbr. ákvæði til bráðabirgða skv. lögum nr. 14/2015 og 146/2019.

Vegagerðin skipaði 3 fulltrúa í hópinn, Stefán Erlendsson forstöðumann lögfræðideildar (formaður), Magnús V. Jóhannsson framkvæmdastjóra mannvirkjasviðs og Guðmund Val Guðmundsson framkvæmdastjóra þróunarviðs. Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) skipuðu þá Guðjón Bragason, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs SÍS, Pál Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóra SSH og Birgi Björn Sigurjónsson, ráðgjafa.

Í erindisbréfi starfshópsins er verkefni hans skilgreint sem hér segir:

1. Ræða álítaefni varðandi túlkun 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 hvað varðar skilavegi og freista þess að ná sameiginlegum skilningi á þeim.
2. Skilgreina hvað telst viðunandi ástand vegar við skil frá Vegagerðinni til sveitarfélags og hvernig meta eigi viðhaldspörf einstakra vega. Ákveða aðferðafræði við mat á því hvaða viðhaldsaðgerðir séu nauðsynlegar á viðkomandi skilavegum.
3. Útbúa sameiginlegan lista yfir skilavegi sundurliðað á sveitarfélög og áætlaðan kostnað við að uppfylla viðhaldspörf í samræmi við fyrirliggjandi mat á viðhaldspörf.

Starfshópur Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna vann að verkefninu á árinu 2020. Ekki náðist að ljúka skilum veganna fyrir árslok 2020 og samþykkti Alþingi því framlengingu á heimild Vegagerðarinnar til ársloka 2021.

2.2 Vinna starfshóps og niðurstöður.

Starfshópurinn hélt alls 12 fundi á starfstíma. Fyrsti fundur var haldinn 7. apríl 2020 þar sem lögð voru drög að starfi hópsins og fyrstu umræður teknar um þau álítaefni sem til umfjöllunar voru. Í kjölfarið voru haldnir fundir 15., 24., 30. apríl, 5. maí, 6. júní, 9. júlí, 27. ágúst, 24. september og 26. nóvember 2020. Haldnir voru nokkrir fundir á árinu 2021 og lauk vinnu starfshópsins með fundi þann 1. júlí 2021.

Starfshópurinn ræddi álitæfni varðandi túlkun ákvæða 8. gr. vegalaga um skilavegi og er gerð grein fyrir þeim í 2. kafla greinargerðarinnar.

Starfshópurinn ræddi almenn viðmið um mat á viðhaldsástandi en varð sammála um að fela undirhóp að móta þau viðmið nánar og yfirfæra á einstaka vegi. Greinargerð vinnuhóps um viðhaldsástand gefur ítarlegri mynd af ástandi skilavega en áður hefur legið fyrir og fylgir niðurstöðum starfshópsins sem fylgiskjal en gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum í kafla 4.

Sameiginleg niðurstaða náðist í starfshópnum um það hvaða vegir teljast skilavegir sem yfirfærast til sveitarfélaganna og er gerð grein fyrir skilavegum í 4. kafla greinargerðarinnar.

Fulltrúar sveitarfélaganna hafa í vinnu starfshópsins haldið til streitu þeirri kröfu að sveitarfélögin fái framlög frá ríkinu til að annast veghald þessara vega til framtíðar þrátt fyrir að það álitæfni sé ekki verkefni starfshópsins. Niðurstöður starfshópsins eru því með fyrirvara af hálfu sveitarfélaganna sem nánari grein er gerð fyrir í bókun fulltrúa sveitarfélaganna sem fylgir greinargerð starfshóps.

3 Álitaefni tengd skilavegum við túlkun 8. gr. vegalaga nr. 80/2007.

3.1 Almenn.

Vegalög mæla fyrir um veghald vega sem opnir skulu almennri umferð og þjóna almennungi sem samgönguleiðir. Slíkir vegir greinast í tvo megin flokka, þjóðvegi og sveitarfélagsvegi. Vegakerfi þjóðvega og sveitarfélagsvega liggja saman og skarast í þéttbýli og því er mælt fyrir um það í 8. gr. vegalaga hvenær vegur í þéttbýli skuli teljast þjóðvegur. Með setningu vegalaga nr. 80/2007 urðu breytingar á skilgreiningu stofnvega sem hafa áhrif á það hvar þessi mörk liggja og er ákvæði þar að lútandi að finna í a.-lið 2. mgr. 8. gr. laganna. Eitt af verkefnum starfshópsins var að ræða álitaefni varðandi túlkun þessara ákvæða.

3.2 Fyrsta þvergata í þéttbýli.

Almenna skilgreiningu á því hvar stofnvegur endar í þéttbýli er að vinna í eftirfarandi ákvæði a.-liðar 2. mgr. 8. gr.:

Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar.

Þetta ákvæði hefur ekki valdið sérstökum vandkvæðum í túlkun almenn. Almenn má finna viðmiðun við þéttbýlismörk viðkomandi sveitarfélaga sem skilgreind eru í aðalskipulagi.

3.3 Höfn eða flugvöllur í grunnneti.

Vegalög mæla einnig fyrir um að tengja skuli með stofnvegi hafnir og flugvelli sem eru í grunnneti samgangna eins og það er skilgreint í samræmi við lög um samgönguáætlun, sbr. eftirfarandi ákvæði a.-liðar 2. mgr. 8. gr.:

Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

Í einstaka tilviki geta vaknað álitaefni um hvar tengja eigi hafnir í grunnneti en að öðru leyti hafa ekki komið upp sérstök álitaefni varðandi túlkun þessa ákvæðis. Fulltrúar sveitarfélaganna kölluðu eftir sérstakri skoðun á því álitaefni hvernig rétt væri að haga tengingu Seyðisfjarðarhafnar við þjóðvegakerfið og er gerð grein fyrir því á minnisblaði Vegagerðarinnar sem er fylgiskjal 6.5 með greinargerðinni.

3.4 Stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi sérákvæði um stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu er að finna a.-lið 2. mgr. 8. gr.:

Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Vinna starfshópsins fór að stórum hluta í að reifa mismunandi afstöðu Vegagerðarinnar annars vegar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Af hálfu Vegagerðarinnar hefur verið lögð áhersla á að einungis meginstofnæðar sem hafa fullnægjandi umferðarrýmd (lágmark 2+2 akreinar) og uppfylli kröfur með tilliti til öryggis umferðar geti talist til stofnvega á höfuðborgarsvæðinu. Vegur sem ekki uppfylli þau skilyrði vegna aðstæðna, skipulags eða annarra atriða geti ekki talist til stofnvegar á höfuðborgarsvæðinu í skilningi laganna.

Kallað var eftir afstöðu einstakra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til skilavega og gerðu fulltrúar sveitarfélaganna grein fyrir þeim og má finna samantekt á þeim sjónarmiðum sem reifuð voru og afstöðu Vegagerðarinnar á fylgiskjali 6.7.

Starfshópurinn hefur komist að sameiginlegri niðurstöðu um það hvaða vegir teljist stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu og hvaða vegum skuli skilað til sveitarfélaganna og er nánari grein gerð fyrir því í 4. kafla.

Ekki hefur verið ágreiningur um að meginstofnæðar sem tengja saman sveitarfélög teljist til stofnvega. Það eru Sæbraut / Reykjanesbraut, Miklabraut (Nesbraut) frá Vesturlandsvegi að Seltjarnarnesbæ, Kringlumýrarbraut / Hafnarfjarðarvegur og Breiðholtsbraut / Arnarnesvegur. Starfshópurinn er sammála um að stofnvegurinn Sæbraut / Reykjanesbraut skuli enda við Hörpu í stað þess að enda við vegamót Kringlumýrarbrautar sem hefur verið afstaða Vegagerðarinnar til þessa.

Samstaða náðist í starfshópnum um að fella Nýbýlaveg úr tölu skilavega með þeim rökum að vegurinn teljist eðlilegt framhald stofnvegarins Breiðholtsbraut / Arnarnesvegur og þjóni þannig umferð á milli sveitarfélaga. Forsenda þess er af hálfu Vegagerðarinnar að unnt verði halda nauðsynlegri umferðarrýmd til framtíðar.

Fjallað var um stöðu Hallsvegar og með tilliti til framtíðarhlutverks hans en ljóst að í núverandi mynd uppfyllir hann ekki skilyrði þess að teljast stofnvegur. Var það niðurstaða starfshópsins að Hallsvegur gæti talist stofnvegur til framtíðar litið með það hlutverk að vera tenging á milli fyrirhugaðrar Sundabrautar og Vesturlandsvegar.

Umræða var um stöðu Elliðavatnsvegar og óskuðu fulltrúar sveitarfélaganna eftir umfjöllun af hálfu Vegagerðarinnar um mögulega flokkun vegarins sem þjóðvegur, s.s. að hann teldist til tengivega. Vísast til fylgiskjals 6.6 þar að lútandi.

4 Skýrsla vinnuhóps um viðhaldsástand vegna.

4.1 Skipan vinnuhóps og verkefni.

Starfshópurinn ákvað að fela vinnuhópi skipuðum tæknimenntuðum sérfræðingum frá Vegagerðinni og sveitarfélögum að skilgreina viðunandi ástand skilavega og leggja mat á ástand þeirra. Ráðgjafi, verkfræðistofan EFLA, var fengin til að stýra vinnunni.

Vinnuhópurinn skipaðu af hálfu Vegagerðarinnar þeir Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri, Bjarni Stefánsson, deildarstjóri og Birkir Hrafn Jóakimsson, verkefnastjóri, framkvæmdadeild. Af hálfu sveitarfélaganna sátu þeir Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar, Marinó Sigurðsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs Fjarðarbyggðar og Ólafur Már Stefánsson, deildarstjóri gatnadeildar Reykjavíkurborgar.

Vinnuhópurinn hóf störf í júní 2020 og hélt 6 vinnufundi þar sem lokið var við skilgreiningar á því hvað teldist viðunandi viðhaldsástand skilavega. Lá niðurstaða fyrir um miðjan september og í kjölfarið fór fram ástandsmat skilavega í október og nóvember 2020. Í nóvember 2020 var svo gert kostnaðarmat á aðgerðum miðað við tilgreindar forsendur og lágu drög að greinargerð fyrir í desember 2020.

Fram kom af hálfu fulltrúa sveitarfélaganna í vinnuhópnum að auk þeirra vegna sem voru ástandsmetnir ætti einnig að taka til umfjöllunar eftirtalda vegi þar sem ekki lægju fyrir samningar um yfirfærslu veganna til viðkomandi sveitarfélaga:

Reykjavík:

Heiðmerkurvegur frá Suðurlandsvegi að bæjarmörkum

Úlfarsfellsvegur, Leirtjörn-Hafravatnsvegur

Víkurvegur frá Hallsvegi að Vesturlandsvegi

Álfsnesvegur

Garðabær:

Heiðmerkurvegur

Hliðsnesvegur

Garðavegur/Garðaholtsvegur

Elliðavatnsvegur (frá Vífilsstaðavegur um Kjóavelli í Kópavogi)

Norðurnesvegur (Álftanes)

Suðurnesvegur (Álftanes)

Á fundum vinnuhópsins komu fram ábendingar af hálfu Hafnarfjarðarbæjar varðandi endurbætur á verðandi skilavegi (Elliðavatnsvegi) sem bærinn hafi staðið skil á og verði tekið upp í samningaviðræðum um skil vegarins.

Fulltrúar sveitarfélaganna hafa einnig vakið athygli Vegagerðarinnar á álitaeftum sem komið hefur verið á framfæri við þá af hálfu eigenda Selskarðs á Álftanesi.

4.2 Viðmiðanir við mat á viðunandi ástandi.

Vinnuhópur um ástandsmat leggur til í greinargerð sinni að viðunandi ástand taki mið af einfaldri nálgun með viðmiðun við tiltekinn árafjölda án þess að viðhaldspörf sé til staðar. Með mið af flokkunarkerfi slitlaga miðar vinnuhópurinn við 5 ára tímabil án þess að þörf sé á viðhaldi. Sami árafjöldi er notaður sem grunnildi til einföldunar varðandi aðra þætti en slitlög þar sem við getur átt en ekki í öðrum tilvikum.

Horft er á alla þætti mannvirkis en ekki aðeins slitlag eins og áður hafði verið gert. Litið er til ástands slitlaga, burðarlaga, vegaxla, umferðarmerkja og yfirborðsmerkinga, vegriða og fleiri þátta. Ef við á var ástand kantsteina, niðurfalla, brunna, umferðarljósa og stýringa og þess háttar einnig metið.

4.3 Mat á viðhaldsástandi.

Vinnuhópurinn hefur tekið saman í greinargerð mat á ástandi allra skilavega með mun ítarlegri greiningu á ástandi þeirra en áður lá fyrir. Getur hún nýst sem grundvöllur undir samninga við einstök sveitarfélög um yfirfærslu veghalds vega með tilliti til þess í hvaða ástandi umræddir vegir eiga að afhendast.

4.4 Kostnaður og fjárveitingar.

Ekki liggja fyrir sérstakar fjárheimildir til Vegagerðarinnar til að standa straum af kostnaði við að koma skilavegum í það ástand sem skilgreint er í greinargerðinni. Vegagerðin hefur því að óbreyttu fyrst og fremst til ráðstöfunar vegna verkefnisins fjárveitingar sem ætlaðar eru til almenns viðhalds vega sem eru takmarkaðar. Umfang þeirra aðgerða sem unnt er að ráðast í vegna skila á vegum takmarkast því af forgangsröðun fjármuna til viðhalds þjóðvega hverju sinni.

5 Vegir sem færast í veghald sveitarfélaganna frá 1. janúar 2022.

5.1 Vegir sem færast frá Vegagerðinni til sveitarfélaga.

Það er niðurstaða starfshópsins að eftirfarandi vegir sem verið hafa í umsjá Vegagerðarinnar verði í umsjá sveitarfélaga sem veghaldara eigi síðar en 1. janúar 2022 og frá þeim tíma á ábyrgð og í umsjá viðkomandi sveitarfélags.

Skilavegir eru upptaldir hér að neðan eftir landshlutum. Nánari skilgreiningu á lengd kafla og legu þeirra er að finna í fylgiskjali 6.3.

5.2 Höfuðborgarsvæðið

41-1	Sæbraut / Reykjanesbraut frá Hörpu að Ánanaustum
410-2	Elliðavatnsvegur
412-1 og 2	Vífilsstaðavegur
419-1	Höfðabakki
419-2	Höfðabakki
431-1	Hafravatnsvegur frá Vesturlandsvegi innan þéttbýlis
470-1	Fjarðarbraut
49-7	Nesbraut (Suðurströnd á Seltjarnarnesi)

5.3 Vesturland

531-01	Borgarbraut
617	Tálknafjarðarvegur
606-01	Karlseyjarvegur
67-01	Hólmanvíkurvegur

5.4 Norðurland

77	Hofsósbraut
837	Hlíðarfjallsvegur
91	Hafnarvegur

5.5 Austurland

92-13	Norðfjarðarvegur
947	Desjamýrarvegur
951	Vestdalseyrarvegur
952	Hánefsstaðavegur
954-00	Helgustaðavegur
960	Hafnarvegur
97-11	Breiðdalsvíkurvegur

5.6 Suðurland

205-02

Klausturvegur



6 Fylgiskjöl

6.1 Erindisbréf starfshóps

6.2 Bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga

6.3 Skilgreining á skilavegum

6.4 Skýrsla: Skilavegir - Ástandsmat

6.5 Seyðisfjörður – hafnir í grunnneti

6.6 Staða Elliðavatnsvegar

6.7 Sjónarmið sveitarfélaga og afstaða Vegagerðarinnar